

## **Hreppnefnd Langanesbyggðar kom saman til aukafundar fimmtudaginn 29. janúar 2009 kl. 16:00 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Oddviti óskaði eftir heimild fundarins til að bæta við áðursenda dagskrá eftirtöldum liðum:

- **Hvalveiðar við Ísland**
- **Fuglaskoðunarhús í fjöru á Lambanes, Langanesi**

Samþykkt samhljóða.

### **DAGSKRÁ:**

#### **1. Fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2009 – Seinni umræða.**

Fulltrúi sveitarstjóra kynnti fjárhagsáætlun Langanesbyggðar fyrir árið 2009 ásamt framkvæmdaáætlun og greinargerð. Samkvæmt áætlun mun rekstur sveitarsjóðs (A-hluta) verða með halla sem nemur 31,4 millj. kr. og samantekinn rekstur A og B-hluta mun verða með halla sem nemur 61,5 millj. kr. Í meðfylgjandi greinargerð er vakin athygli á tvennu sem hefur afgerandi áhrif á neikvæða niðurstöðu. Annars vegar háum afskriftum, 44,4 millj. kr. og hins vegar verðbótum fjármagnsliða sem nema 73,6 millj. kr. Fram kom að áætlað veltufé frá rekstri væri jákvætt um 56,5 millj. kr. Samkvæmt framlagðri framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir heildarframkvæmdum á vegum sveitarfélagsins á árinu 2009 upp á 97,5 millj. kr. Hæst bera annars vegar framkvæmdir við gatnagerð upp á um 55 millj. kr. og hafnarframkvæmdir upp á um 30 millj. kr. Framkvæmdir verða fjármagnaðar að hluta til með gatnagerðargjöldum, að hluta til með lántökum (30 millj. kr.) og að hluta til af handbæru fé aðalsjóðs. Handbært fé í árslok 2009 áætlast vera rúmar 70 millj. kr.

Í niðurstöðu greinargerðar með fjárhagsáætlun 2009 er gerð grein fyrir því að vegna þeirrar óvissu er ríkir í íslensku efnahagslífi sé ekki ólíklegt að ætla að taka þurfi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til endurskoðunar á árinu á grundvelli þess að forsendur hennar kunni að breytast.

Eftir nokkrar umræður var fjárhagsáætlun Langanesbyggðar fyrir árið 2009, ásamt meðfylgjandi framkvæmdaáætlun, samþykkt samhljóða. Varðandi framkvæmdaáætlun 2009 var einnig samþykkt að heimilt væri sveitarstjóra að færa fjárhæðir á milli einstakra liða svo fremi sem heildaráætlun raskist ekki.

#### **2. Hvalveiðar við Ísland**

Hreppnefnd Langanesbyggðar fagnar þeirri ákvörðun starfandi sjávarútvegsráðherra að heimila veiðar á langreyði og hrefnu til ársins 2013. Nú er markaðir hafa opnast erlendis fyrir hvalkjöt og hvalastofnar eru öflugir við strendur Íslands er mikilvægt að þessi auðlind okkar verði nýtt til eflingar á þjóðarhag. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þeirra efnahagsörðugleika sem að landinu steðja með vaxandi atvinnuleysi og samdrætti í þjóðartekjum. Hvalurinn er hluti af fæðukeðju sjávar í kringum Ísland og stórir hvalastofnar hafa og munu sannanlega hafa áhrif á fiskistofna við strendur landsins og þar af leiðandi hve mikið magn Íslendingar geta veitt úr nýtanlegum fiskistofnum. Samkvæmt mati Hafrannsóknarstofnunar þá er fæðuþörf helstu 12 hvalategunda við Ísland um 6 millj. tonna í heild. Það hefur ekki verið rannsakað til hlítar hve mikið t.d. Hnúfubakur étur af loðnu en það er mat vísindamanna að það sé yfir 800 þúsund tonnum á ári.

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar hvetur ráðamenn þjóðarinnar til að virða þessa ákvörðun núverandi sjávarútvegsráðherra og fylgja henni eftir. Sveitastjóra falið að koma málinu á framfæri.*

### **3. Fuglaskoðunarhús í fjöru á Lambanesi á Langanesi.**

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir fyrirhugaða staðsetningu fuglahúss á Lambanesi svo framarlega sem það sé gert eins og lög og reglur kveða á um. Sveitarstjóra verði falið að koma upplýsingum um slíkt á framfæri við umsækjanda.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17: 35